



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 135/162
komudagur 13. 11. 2007

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 12. nóvember 2007

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, 16. mál.

Læknafélag Íslands hefur fengið ofangreinda tillögu til umsagnar. Félagið er samþykkt tillögunni sjálfri en tekur ekki afstöðu til greinargerðarinnar með tillögunni.

Þá vill félagið benda flytjendum tillögunnar á að full ástæða sé til að kanna einnig hvort verið sé að skerða samkeppnisstöðu einkaaðila sem með gerð þjónustusamninga við ríkið taka að sér rekstur heilbrigðisstofnana, með því að skylda þá til að taka upp stjórnfyrirkomulag opinberra stofnana, sbr. 8. gr. 1. nr. 40/2007.

Til nánari skýringar á ofangreindu sendist tillöguflytjendum ályktun aðalfundar Læknafélagsins frá því í haust:

“Ályktun vegna síðbúinnar breytingar á því frumvarpi sem varð að nýjum heilbrigðislögum nr. 40/2007.

Forsendur:

Í því lagafrumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 40/2007 og Læknafélagið fékk til umsagnar var ákvæði 8. gr. svohljóðandi:

*“III. KAFLI
Stjórn heilbrigðisstofnana
8. gr.
Gildissvið.*

Ákvæði þessa kafla eiga við um heilbrigðisstofnanir sem ríkið rekur.”



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Í greinargerð með ákvæðinu sagði: “Í ákvæðinu er tekið fram að ákvæði III. kafla um stjórn heilbrigðisstofnana eigi einvörðungu við um heilbrigðisstofnanir sem reknar eru af ríkinu. Ekki þykir ástæða til að binda hendur einkaaðila og félagasamtaka að þessu leyti umfram það sem gildir um ólíkar tegundir rekstrarforma almennt.”

Við þetta ákvæði gerði Læknafélagið ekki athugasemd enda sammála rökstuðningi með ákvæðinu.

Í meðförum þingsins á síðustu starfsdögum þess var ákvæðinu breytt þannig að í endanlegri útgáfu varð ákvæðið svohljóðandi:

“III. KAFLI
Stjórn heilbrigðisstofnana
8. gr.
Gildissvið.

Ákvæði þessa kafla eiga við um heilbrigðisstofnanir sem ríkið rekur. Ákvæði 10. og 12. gr. eiga þó einnig við um heilbrigðisstofnanir sem reknar eru á grundvelli samnings skv. VII. kafla eftir því sem við getur átt.”

Í ákvæði 12. gr. er kveðið á um að á heilbrigðisstofnun skuli starfa þriggja manna framkvæmdastjórn undir yfirstjórn forstjóra. Framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirmenn stofnunar skulu skipa framkvæmdastjórn ásamt forstjóra.

Í VII. kafla laganna er fjallað um samninga um veitingu m.a. sjálfstætt starfandi aðila á heilbrigðisþjónustu á kostnað ríkisins.

Í greinargerð með ákvæðinu segir nú: “Lagt er til að við 8. gr. bætist nýr málslíður þar sem kveðið verði á um að ákvæði 10. og 12. gr. gildi einnig um heilbrigðisstofnanir sem reknar eru á grundvelli samnings skv. VII. kafla. Nefndin telur eðlilegt að framangreind ákvæði frumvarpsins sem fjalla um faglega ábyrgð fagstjórnenda heilbrigðisstofnana og framkvæmdastjórnir gildi einnig um slíkar heilbrigðisstofnanir. ...”

Engin útskýring eða rökstuðningur fylgir því hvers vegna sú breyting varð í greinargerð að ekki þætti ástæða til að binda hendur einkaaðila og félagasamtaka yfir í að eðlilegt teldist að binda hendur einkaaðila og félagasamtaka að því leiti hvernig framkvæmdastjórn viðkomandi einkaaðila væri skipuð.

Þessi ráðstöfun þingnefndarinnar er með miklum ólíkindum og jafnast á við það að ef ákveðið yrði að bankarnir mættu bjóða í starfsemi íbúðalánasjóðs þá yrðu þeir að haga stjórnskipulagi sínu eins gert var hjá íbúðalánasjóði. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það hvernig atvinnulífið myndi bregðast við slíkum kvöðum.

Það er afar einkennileg krafa að einkaaðilar sem hyggjast setja á fót sjálfstæða heilbrigðisþjónustu og semja við ríkið um veitingu hennar verði að haga stjórnskipulagi sínu á sama hátt og ríkisstofnanir. Með því er hætt við að snerpa og kraftur einkaframtaksins nýtist ekki og þar með er ávinningur þjóðfélagsins af fjölbreyttari rekstrarformum farinn fyrir bý.

Þá má ekki gleyma því að landlæknir hefur eftir sem áður sjálfstæðar eftirlitsskyldur gagnvart heilbrigðisstarfsmönnum sem vinna sjálfstætt og ber honum að hafa eftirlit með því að starfsemi þeirra uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu.



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Niðurstaða:

Aðalfundur Læknafélags Íslands í Kópavogi dagana 28. og 29. september 2007, skorar á heilbrigðisráðherra að hann beiti sér fyrir því að ákvæði 8. gr. laga nr. 40/2007 verði breytt á þann hátt að engar kvaðir verði settar á einkaaðila sem gera samninga við ríkið um veitingu heilbrigðisþjónustu um hvernig þeir skuli haga stjórnskipulagi sínu .”

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir
formaður